

Útflutningur vegna móttöku umfram mjólkur á verðlagsárinu 2021

Framleidd mjólk umfram greiðslumark hvers árs skal, samkvæmt 29. og 52. grein Búvörulaga nr. 99/1993, fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar, en Framkvæmdanefnd búvöru-samninga getur heimilað sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Samkvæmt uppgjöri frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 17. febrúar 2022 var skráð nýting á greiðslumarki og móttakin umfram mjólk árið 2021 samtals 148.858.856 lítrar, en greiðslumark ársins var 145.000.001 lítrar. Aðildarfélag SAM tóku á móti 148.827.748 lítrum, þar af allri mjólk sem framleidd var umfram greiðslumark samtals 3.858.857 lítrum. Við athugun á nýtingu greiðslumarks var tekið tillit til þess að notkun í „heimavinnslu“ var skráð 31.108 lítrar.

Aðildarfélag SAM fluttu út samtals 3.367 tonn af mjólkurafurðum árið 2021. Sundurliðun útflutnings og umreikningur í mjólk á grunni fitu- og próteininnihalds er í eftirfarandi töflu:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2021

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	985.971	217.918	3.188.301
Sýrðar vörur	36.176	4.706	85.067
Smjör	280.420	4.020.617	430.164
Ostar	1.295.492	245.106	18.785.365
Undanrennuduft	769.000	119.195	9.471.004
Samtals:	3.367.059	6.607.540	31.959.901

Umreiknað á lítra miðað við próteingrunn var útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaga SAM árið 2021 um 28 milljónum lítra meiri en umfram mjólk. Lagaskyldu um útflutning umfram mjólkur er því fullnægt hvað varðar próteinhluta umfram mjólkur.

Í lok árs 2020 átti eftir að flytja út eftirstöðvar af fituhluta umfram mjólkur sem samsvöruðu 3.060.123 lítrum, eða um 144 tonnum af smjöri. Þegar mjólkuruppgjör vegna ársins 2020 lá fyrir þann 29. mars 2021 kom í ljós að umfram mjólk ársins 2020 var samtals 6.196.908 lítrar og hækkaði útflutningsskylda sem því nam.

Í árslok 2021 voru í birgðum vörur sem framleiddar voru úr umfram mjólk, sem svöruðu til 2.710.186 lítra af mjólk á fitugrunni. Í árslok 2021 áttu aðildarfélag SAM því eftir að flytja út mjólkurvörur sem samsvara því magni, eða um 127 tonnum af smjöri. Þegar mjólkuruppgjör vegna ársins 2021 lá fyrir þann 17. febrúar 2022 kom í ljós að umfram mjólk ársins 2021 var 3.858.857 lítrar og hækkaði útflutningsskylda sem því nam.